

## Minnisblað

### Lagt fyrir fund Fjölskylduráðs Hafnarfjarðar ágúst 2018

Á fundi bæjarstjórnar þann 20. júní 2018 var eftirfarandi tillögu vísað til frekari umfjöllunar í Fjölskylduráði:

*„Gæludýrahald í félagslegum íbúðum.*

*Fulltrúar Samfylkingar leggja til að farið verði að dæmi Kópavogs um breytingar á reglum um gæludýrahald í félagslegum íbúðum háð ákveðnum skilyrðum.“*

Á fundi Fjölskylduráðs þann 3. júlí sl. fól ráðið sviðsstjóra að leggja fram tillögu að breytingum á reglum um gæludýrahald í félagslegum íbúðum sveitarfélagsins til samræmis við fjöleignahús. Jafnframt var óskað eftir umsögn frá Umhverfis- og framkvæmdaráði.

Í a. lið 33.gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 segir:

*„Hundar og kettir. Samþykki allra.*

*Hunda – og kattahald í fjöleignahúsi er háð samþykki 2/3 hluta eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang. Þegar svo háttar getur húsfélagið eða húsfélagsdeild með samþykki 2/3 hluta eigenda veitt annaðhvort almennt leyfi til hunda-og/eða kattahalds eða einstökum eigendum slíkt leyfi vegna tiltekins dýrs. Getur húsfélagið bundið slíkt leyfi skilyrðum.*

*Eigandi skal afla samþykkis annarra eigenda og fá leyfi fyrir dýrinu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags, þar sem það á við, áður en dýrið kemur í húsið. Skal eigandi láta húsfélagi í té ljósrit af leyfinu.*

*Gæta skal jafnræðis við veitingu samþykkis skv. 1.mgr. og er óheimilt að mismuna eigendum sem eiga jafnan rétt í þessu efni.*

*Samþykkið er óafturkallanlegt að óbreyttum forsendum en þinglýsingar er þörf til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú.*

*Liggja fyrir samþykki um hunda-og kattahald í fjöleignahúsi í samræmi við grein þessa en eigandi eða einhver í hans fjölskyldu er með ofnæmi fyrir hundum eða köttum á svo háu stigi að sambýlið við leiðsögu-eða hjálparhund sé óbærilegt og læknisfræðileg gögn staðfesta það skal kærunefnd húsalamála leita lausna að fengnu álitni ofnæmislækna eða sérfræðinga á öðrum sviðum ef því er að skipta.*

*Skemmri heimsóknir hunda og katta eru heimilar ef enginn mótmælir en vistun eða dvöl þeirra yfir nótt er óheimil nema fyrir liggja leyfi skv. 1. gr. 2. mgr.*

*Þessar takmarkanir gilda ekki þegar um hjálparhunda er að ræða, sbr. 33. gr.*

Í b. lið 33.gr. laga um fjöleignarhús segir:

*„Samþykkis er ekki þörf.*

*Þegar hvorki er um sameiginlega inngang né stigagang að ræða, sbr.33.gr.a, er samþykkis annarra eigenda ekki þörf fyrir hunda-og kattahaldi í húsinu. Á það til dæmis við þegar sérinngangur er í íbúð á jarðhæð eða frá sameiginlegum útitröppum. Gildir það þótt lóð sé sameiginleg og annað sameiginlegt rými sé í húsinu. Þegar sameiginlegur stigagangur er utanáliggjandi og gengið er inn í íbúðir af svölum þarf samþykki þeirra eigenda sem hann tilheyrir.*

*Áður en dýr kemur í hús skal eigandi tilkynna húsfélaginu skriflega um dýrahaldið og afhenda því ljósrit af leyfi frá viðkomandi sveitarfélagi þar sem við á.*



## HAFNARFJÖRÐUR

*Húsfélagið getur með reglum og ákvörðunum á húsfundi, með einföldum meiri hluta, sett hunda-og kattahladi í slíku húsi skorður, enda séu þær eðlilegar, málefnalegar og á jafnræði reistar.*

*Húsfélagið getur með sama hætti lagt bann við dýrahaldi ef það veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónæði, truflunum og eigandi dýrsins netar að gera bót þar á.“*

Mikilvægt er að húsreglur fyrir leiguíbúðir Hafnarfjarðarbæjar séu í samræmi við ofangreindar lagagreinar. Í ljósi þess er lagt til að breyting verði gerð á 6. gr. regnanna þ.e. að í stað: *Allt dýrahald er stranglega bannað í leiguíbúðum Hafnarfjarðarbæjar* komi:

*Leyfilegt er að halda hund eða kött í félagslegum íbúðum í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Leyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:*

- a) Ef um sameiginlegan inngang eða stigagang er að ræða er hunda-og kattahald háð samþykki 2/3 hluta eigenda.*
- b) Ef um sérinngang er að ræða er hunda-og kattahald leyfilegt.*

Hafnarfjörður 4. júlí 2018.  
Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri